

Gjaldskrá

119
25. nóv.

fyrir hreinsun salerna í Reykjavík.

Hreinsun salerna, annara en vatnssalerna, fer fram tvisvar í mánuði á kostnað bæjarsjóðs, og skal fyrir hreinsunina árlega greiða í bæjarsjóð:

Fyrir hvert venjulegt salerni, sem notað er af 4—10 mönnum, kr. 2.50.

Fyrir hvert stærra salerni, sem 11—15 manns nota, kr. 3.75.

Fyrir hvert minna salerni, sem 3 eða færri nota, 1.75.

Tvö börn yngri en 10 ára teljast sem einn maður fullorðinn.

Þegar aukahreinsunar er krafist, skal hún framkvæmd af hreinsunarmanni gegn 20 aura gjaldi í hvert sinn.

Gjald þetta nær til allra salerna á kaupstaðarlóð Reykjavíkur, og greiðist af húseigendum.

Þó skulu þeir vera undanþegnir gjaldi þessu, sem eiga íbúðarhús í túni sínu, og sjálfir nota áburðinn á tún sín.

Sýnishorn af salernakollum lætur bæjarstjórnin gera til fyrirmyndar bæjarbúum, og skal öllum, sem hafa minni ílát, skylt að útvega sjer slíkar kollur í salerni sín fyrir næstkomandi nýár.

Skrá yfir gjöldin skal árlega semja á sama hátt og lóðargjaldaskrá, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir lóðargjöldin.

Framanrituð gjaldskrá staðfestist hjermeð, samkvæmt lögum nr. 42, 11. júlí 1911, 5. gr., til að öðlast gildi 1. janúar 1914, og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun salerna í Reykjavík frá 18. maí 1912.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvember 1913.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Hafnarreglugjörð

120
5. des.

fyrir Eskifjarðarkauptún.

Stjórnarráð Íslands hefir 5. desember 1913 gefið út svofelda hafnarreglu-